



## FUNDARGERÐ

### 7. fundur Odda bs

**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 1. febrúar 2023  
og hófst hann kl. 08:15.**

#### **Fundinn sátu:**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Eydís Þ. Indriðadóttir, Ísleifur Jónasson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

#### **Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs 2022 - 2201036**

*Rekstraryfirlit jan-des 2022.*

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri kynnti yfirlit fyrir árið 2022.

**2. Grunnskólar Odda. Framtíðarsýn skólasamfélagsins - 2301015**

*Samráðsfundur grunnskóla Odda bs. um framtíðarsýn skólasamfélagsins.*

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Yngvi Karl Jónsson skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir erindinu.

Stjórn telur rétt að leggja aukna áherslu á faglega umræðu milli stjórnar og skólastjórnenda.

**3. Tillaga D-listans um bættu samþættingu skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs - 2209037**

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Yngvi Karl Jónsson skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir þeim álitaeftum sem uppi eru varðandi málefnið. Skólarnir hafa skoðað ýmsar útfærslur sem hafa bæði kosti og galla og eru tilbúnir í viðræður hvernig best sé að þjónusta börn.

Stjórn þakkar fyrir góða yfirferð og telur að þörf sé á að rýna þetta mál betur og æskilegt að skipaður verði vinnuhópur um verkefnið.

**4. Tillaga D lista um samstarfssamning við Samtökin '78 - 2301008**

*Tillaga um samstarfssamning við samtökin 78.*

Skólastjórnendur grunnskólanna telja að fræðsla sem þessi geti nýst í skólastarfinu.

**5. Uppsögn á þjónustusamningi - Sérdeild Suðurlands - 2212067**

Farið var yfir uppsögn á þjónustusamningi sem aðildarsveitarfélögin hafa haft við Sveitarfélagið Árborg um þjónustu í Sérdeild Suðurlands sem tekur gildi haustið 2023.

Lagt til að vísa málinu til stjórnar félags- og skólþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu til umfjöllunar.

**6. Starfsmannamál - 2206040**

*Trúnaðarmál*

Fært í trúnaðarmálabók.

**7. Staða náms- og starfsráðgjafa - framtíðar fyrirkomulag - 2210076**

*Auglýsing um sameiginlegan náms- og starfsráðgjafa*

Lagt fram til kynningar.

**8. Rekstrarkostnaður á heildsígildi í leikskólum svfl 2021 - 2212065**


Farið var yfir samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarkostnað leikskóla á Íslandi fyrir árið 2021. Þar kemur fram að nettórekstrarkostnaður án innri leigu á heildsígildi í Leikskólanum Heklukoti er kr. 3.061.000 (brúttó 3.297.000) og Leikskólanum Lauglandi kr. 2.916.000 (brúttó 3.151.000).

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Eydis Þ. Indriðadóttir

  
Ísleifur Jónsson

